

REGLUR

um

framkvæmd laga nr. 16, 20. júní 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum.

1. gr.

Um rannsókn sýktra og grunaðra og hvernig meta skuli sýkingarhættuna, sbr. 1. gr.

Gonorrhoea. Rannsóknin er framkvæmd þannig, ef um útfærð er að ræða, að búið er til venjulegt „präparat“, „fixerað“ og litað með 1% methylenbláu og rannsakað með „immersionslinsu“. Sje engin útfærð, en aðeins þræðir eða slímklumpar í þvagi, þá skal rannsaka þá á sama hátt. Finnist engir gonokokkar, skal endurtaka rannsóknina þrisvar.

Ef þvag karlmanns er hreint og tært og engir þræðir eða slím í því 4—5 kl.st. eftir að þvagi var kastað síðast, þá skulu þeir álitnir ógrunsamlegir.

Á kvennfólki skal rannsaka slím, sem tekið er með sköfu, bæði frá urethra og „canal. cervical.“ Ætíð skal rannsókn endurtekin þrisvar, ef ekki finnast gonokokkar.

Bæði um karla og konur gildir, að sje mikið um „polynukleæra levkyta“ í präparötunum, án þess þó að finnast gonokokkar, þá skal láta sjúklingana gæta sömu varúðar eins og væru þeir sýkjandi.

Syphilis og ulcus molle. Öll sár, sem fengin eru á grunsamlegan hátt, eða eru á þeim stöðum, að þau gætu verið fengin við samræði eða þau eru grunsamleg að útliti, skal fara með sem væru þau af þessum uppruna, að því er snertir alla varúð, þangað til þau eru gróin að fullu.

Þar sem þess er kostur, skal láta rannsaka slík sár „bakteriologiskt“.

Þegar um er að ræða útbrot, sem grunsamlegt þykir að sjeu „luetisk“, þá skal gæta sömu varúðar eins og þau væru það, þangað til gerð hefir verið Wassermanns rannsókn á blóði sjúklinganna.

Sje um að ræða rannsókn sýktra eða grunaðra og meir en 7 vikur eru liðnar frá því sýking hefði átt að eiga sjer stað, þá skal, ef unt er, gera Wassermann's blóðrannsókn og hún látin skera úr. Sjeu sjö vikur ekki ugglást liðnar, þá skal bíða með rannsóknina þar til sá tími er liðinn. Hafi sjúklingurinn notað þau lyf, sem áhrif geta haft á þessa rannsókn, t. d. kvikasilfur-, arsenik- eða jodlyf, þá skal láta líða 4—6 vikur frá því hætt er við lyfin þangað til rannsóknin er gerð, og sje hún neitandi, þá skal endurtaka rannsóknina eftir 10—30 daga eða meir, ef ástæða þykir til. Ekki má taka blóð til rannsóknarinnar á meðan sjúklingurinn er ölvaður eða svæfður, og ekki fyr en sólarhringur er liðinn þar frá.

66
20. okt.

2. gr.

Um skrásetningu sjúklinga með syfilis, (sbr. 3. gr.).

Hjeraðslæknar og aðrir læknar skulu halda sjerstaka bók, sem læknirinn geymir á þann hátt að enginn óviðkomandi sjái hana, yfir sjúklinga með kynsjúkdómum, og skulu vera í henni þessir dálkar: 1. d. Fult nafn sjúklingsins, aldur og heimili og undir því einkennismerki hans, ef um syfilis er að ræða. 2. d. Móttökudagur. 3. d. Hvenær sjúklingurinn skal mæta næst. 4. d. Sjúkdómslýsing. 5. d. Meðferð. 6. d. Reikningur, og þar getið, ef sjúklingur nýtur ókeypis læknishjálpar.

Auk þess skulu hjeraðslæknar halda sjerstaka skrá, þar sem í eru rituð einkennismerki syfilissjúklinga og skal sú skrá fylgja embættinu. Skráin getur litið svona út:

Nr.	Merki.	Athugasemdir.

Í athugasemdadálkinn skal rita, ef sjúklingurinn deyr, flytur burt úr hjeraði og þá hvert, o. s. frv.

Einkennismerki skulu fundin þannig: Kynmerki, fyrstu stafir í öllum nöfnum sjúklingsins og föðurnafni, fæðingardagur og ár. Dæmi: Jón Sigurður Árnason, f. 8. ág. 1894, merki: $\frac{1}{2}$ J.S.Á.8VIII94; Ágúst Guðmundur Sigurðsson Melan, f. 10. mars 1900, merki: $\frac{1}{2}$ Á.G.S.M.10III00.

3. gr.

Um fátæktaryfirlýsingu.

Fátæktaryfirlýsingar sjúklinga skulu þannig orðaðar:

Jeg undirritaður lýsi hjer með yfir því að viðlögðum drengskap mínum, að jeg get ekki greitt kostnað við lækningu sjúkdóms míns.

Fult nafn og heimili.

4. gr.

*Um tilkynningu til hjeraðslækna símleiðis á dulmáli,
(sbr. 10. gr.).*

Þessar skammstafanir skulu notaðar: G = Gonorrhoea, L = Lues, U = Ulcus molle, Ra = óskast rannsakaður, Pat ÷ veikur, Sv = svar, Str = strauk, læk = undir læknishendi.

Dæmi: Nafn læknis, heimili, Jónína Sigurðardóttir, Sauðárkróki, LRa **66**
 = óskast rannsókuð vegna Lues (hefir verið gefin upp sem verandi veik), eða ^{20. okt.}
 GPat. Str. Sv. = er veik af Gon., fór í leyfisleysi frá lækni. Svar óskast (um
 hvort hún sje þar og hafi þá verið tekin til lækninga). — Svarið: JSlæk =
 Jónína Sigurðardóttir er undir læknishendi.

5. gr. *

Um lyf, sem líklegt þykir að nota skuli við kynsjúkdóma, (sbr. 15. gr.).

Lyfsölum og öðrum verslunum er óheimilt að selja lyf, er líklegt þykir að nota skuli til meðferðar á kynsjúkdómum, nema eftir ávísun lækna. Hjer koma til greina öll vítissteinsambönd, lífræn og ólífræn zinksambönd, hypermang kal., koparsambönd o. fl., ef um þau er beðið í svo stórum mæli, að grunsamlegt sje til hvers þau skuli notast. Ennfremur sandelolía og sambönd af henni, kvikasilfur-, arsenik, og jodlyf, lífræn og ólífræn. Enn fremur öll þau „patent“-lyf, sem á markaðinum eru eða kunna að verða og sem eingöngu eða nær eingöngu eru notuð við þessum sjúkdómum.

Þar sem lyfjabúðir eru, er hjeraðslæknum falið að hafa eftirlit með, að þessum fyrirmælum sje framfylgt.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. okt. 1923.

Sig. Eggerz.

Sigf. M. Johnsen.